

28. fundur kennararáðs

Efni fundar: Sjá fyrirbyggjandi dagskrá

Kópavogi, 21. mars 2023

Tilvísun: M23030082

Fundarmenn: Birgir Urbanic Ásgeirsson, Guðjón H. Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Gunndís Ýr Finnbogadóttir (fyrir Ingimar Ólafsson Waage), Helga Kristín Kolbeins, Kristín Jónsdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir og Svandís Ingimundardóttir

Fjarverandi: Ingimar Ólafsson Waage, Jónína Hauksdóttir, Kristín Jónsdóttir fór af fundi kl. 14:30.

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð 27. fundar
2. Kynningar á reglugerðinni - endurgjöf frá nýafstöðnum kynningum og næstu kynningar
3. Starfspróun - fylgiskjal: Tillaga um faghóp um starfspróun
4. Leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og skólastjórnenda. Endurskoðun m.t.t. reglugerðar 1355/2022
5. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins eða fundargerð síðasta fundar. Hún skoðast því samþykkt.
2. Fundi sem var bókaður í háskólunum sem bjóða kennaramenntun var frestað um óákveðinn tíma og hið sama á við um fundi með kennaranemum skólanna. Umræða varð um tímasetningar fundanna og vangaveltur um það hvenær besta tímasetningin væri fyrir kynningar af þessu tagi. Þau sem hafa haldið kynningarnar sögðu frá því sem hafði komið fram í umræðum. Samantekt umræðna af öllum fundum verður gerð þegar allir fundirnir hafa verið haldnir. Rætt hvort það gæti verið aðgengilegt fyrir kennara að fá hæfnirammann settan upp jafnvel með litum og jafnvel sem veggspjald. Samþykkt að formaður og varaformaður létu gera tillögu að slíku veggspjaldi og leggja fyrir næsta fund.
3. Guðjón H. Hauksson fulltrúi KÍ kynnti minnisblað vinnuhóps ráðsins um starfspróun. Það fylgdi með fundarboðinu. Rætt um formlegt hlutverk og verkefni hópsins sem um ræðir. Einnig hvort hér væri um að ræða nýtt samstarfsráð eða hvort hér væri um að ræða undirhóp innan kennararáðs. Rætt um samsetningu hópsins með tilliti til þess að hann hefði yfirsýn yfir þörf fyrir starfspróun og framboð á starfspróun. Rætt um virkni vinnuhópsins; vangaveltur um það hvernig hugmyndum og tillögum hópsins yrði komið í framkvæmd. Bent á að óráðlegt sé að hafa hópinn einsleitan og

mikilvægi þess að tengja hann við fagfélög kennara og háskólana. Hópnum er ætlað að vera leiðbeinandi og að koma ábendingum um starfsþróun á framfæri við þær stofnanir sem bjóða starfsþróun (sambr. hlutverk ráðsins í 7. grein kennaralaganna). Spurt hvort þörf sé fyrir nýjan hóp, eða hvort nú þegar séu til hópar, innan KÍ t.d., sem ráðið getur tengst til að sinna þeim verkefnum sem talin eru upp í minnisblaðinu. Bent á að vinnuhópurinn eigi að geta verið sá hópur sem getur, umfram kennararáð, verið sá aðili sem kafar í málefni sem varða starfsþróun. Rætt um hvort Skólamálaráð KÍ sinni því sem þegar er rætt um í minnisblaðinu og því velt upp hvort kennararáð geti tengst því starfi með einhverjum hætti. Fulltrúar KÍ töldu að hægt væri að nýta vinnuna úr Skólamálaráðinu inni í þeim vinnuhópi sem um er rætt. Í umræðum kom fram hvernig hópurinn mun geta og hafa verkfæri til að sinna lið 5c og mikilvægi þess að kennararáð hafi virkan starfsmann sem gæti verið tengiliður vinnuhópsins við kennararáð ásamt því að hafa yfirsýn yfir það sem unnið er á þessum vettvangi innan annarra hópa sem hafa sams konar hlutverk. Lagt til að formaður og varaformaður fari yfir minnisblaðið og endurskoði í samræmi við umræður á fundinum.

4. Formaður opnaði umræðuna. Tillaga að því að Valgerður Rún sem áður starfaði hjá Menntamálastofnun og vann leiðbeiningarnar á sínum tíma myndi rýna þær og bera saman við reglugerðina um hæfnirammann. Hún starfar nú hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fulltrúi þess, Svandís Ingimundardóttir var falið að kanna hvort hún gæti gert það. Í umræðum kom eftirfarandi fram: Æskilegt væri að ráðið fengið leiðbeiningar um starfsauglýsingar aftur til skoðunar þegar lögfræðingar samb. sveitarfélaga og MMS hafa uppfært þær í ljósi nýrra krafna skv. reglugerð. Nú eru skv. reglugerð gerðar ýmsar kröfur til kennara sem ganga lengra en það sem tíðkast hefur. Í ljósi þess gætu sumir skólastjórar lent í vanda, m.a. staðið frammi fyrir því að kennari eða leiðbeinandi sem starfað hefur hjá þeim fullnægi ekki þessum nýju kröfum. Þá er mikilvægt að unnt sé að kortleggja leiðir fyrir viðkomandi kennara/leiðbeinendur svo þeir geti eftt færni sína til samræmis við hin nýju viðmið. Að kennarar eigi þess kost að efla færni sína til samræmis við nýja reglugerð, t.d. innan tilskilins tíma. Þetta á t.d. við varðandi kröfur um færni í íslensku.
5. Engin önnur mál bókuð og fundi slitið kl. 14:45.

Næsti fundur:

Dagsetning Fimmtudaginn 27. apríl kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ